

Breyting á stjórnskipulagi Fljótsdalshéraðs

Í framhaldi af því að Stefán Bragason, skrifstofu- og starfsmannastjóri, óskaði eftir því að minnka starfshlutfall sitt frá og með byrjun ágústmánaðar í ár hefur verið ákveðið að gera eftirfarandi breytingar á stjórnskipulagi sveitarfélagsins.


Stefán Bragason mun taka við starfi bæjarritara og annast undirbúning funda bæjarráðs og bæjarstjórnar í samráði við bæjarstjóra, ritun fundargerða og eftirfylgni afgreiðslna. Einnig mun Stefán í samráði við skjalastjóra sjá um grisjun og eyðingu skjala sem ekki hafa lengur varðveislugildi auk þess að koma að undirbúningi og álagningu fasteignagjalda ársins 2020 í samráði við fjármálastjóra. Starf bæjarritara, sem verður hlutastarf (45%), mun heyra beint undir bæjarstjóra.

Óðinn Gunnar Óðinsson mun taka við starfi skrifstofustjóra. Undir skrifstofustjóra falla atvinnu- og menningarmál og umsjón með skrifstofu sveitarfélagsins (afgreiðsla, skjalavarsla, upplýsinga-, tölvu- og mannaúðsmál (Ingibjörg Jónsdóttir mun áfram sinna mannaúðsráðgjöf)). Skrifstofustjóri er jafnframt staðgengill bæjarstjóra og heyrir stjórnarsýslulega beint undir bæjarstjóra.

Staða atvinnu-, menningar- og íþróttafulltrúa, sem Óðinn Gunnar hefur sinnt, er lögð niður samhliða þessum breytingum en málaflokkarnir íþróttá-, tómstunda- og forvarnarmál munu heyra undir fræðslustjóra frá og með ágúst 2019.

Hrund Erla Guðmundsdóttir, skjalastjóri, tekur við hlutverki starfsmanns jafnréttisnefndar.

Nýtt skipurit stjórnarsýslu



Egilsstaðir 12. ágúst 2019

Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs